




Reykjavík, 13. mars 2025  
USK25020112

## Barónsstígur 27 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. mars 2025 var lögð fram fyrirspurn Húseignar - leigumarkaðs ehf., dags. 11. febrúar 2025, um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 27 við Barónsstíg úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði.



Deiliskipulag



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040  
Götumynd, tekin af Já.is



### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Barónsstíg 27 borgarhluta 2 miðborg og er hluti af íbúðasvæði. Húsið er við aðalgötu.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir reitinn, samþykkt 30. apríl 2002, ásamt síðari breytingum.

### Umsögn

Húsið á lóð nr. 27 við Barónsstíg er fjölbýli þar sem eru verslanir á jarðhæð en íbúðir á efri hæðum. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að breyta verslunarrými, fnr. 2005591, í íbúð.

Barónsstígur 27 er á hliðarverslunarsvæði nr. 29 skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 þar sem gilda ákvæði um virkar götuhliðar. Í aðalskipulagi segir m.a. um virkar götuhliðar „Ekki er heimilt að breyta núverandi atvinnu- og þjónustuhúsnæði á jarðhæðum í íbúðir.“

### Niðurstaða

- Neikvætt er tekið í erindið, samræmist ekki aðalskipulagi.

f.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík,

Birgitta Rut Skúladóttir Hjörvar, verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.



Reykjavík